

90. fundur

Boðað er til fundar í skipulags- og byggingarnefnd þriðjudaginn 13. febrúar 2007. Fundurinn verður haldinn kl. 17:00 í fundarsal Ráðhússins.

Mætt voru: Ásgeir Gunnar Jónsson, Guðmundur Kristinsson, Björgvin Ólafsson, Emil Þór Guðbjörnsson, Berglind Lilja Þorbergsdóttir, Þorbergur Bæringsson og Bjarnfríður Vilhjálmisdóttir sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og stýrði.

Dagskrá.

1. Deiliskipulagstillaga við Borg í Stykkishólmsbæ. Tillaga var í auglýsingu til og með 8. janúar s.l. Athugasemdir bárust frá Gretari D. Pálssyni dags. 7.11.2006, Hinriki Axelssyni og Hönnu Maríu Björgvinsdóttur dags. 4.12.2006. Athugasemdir lagðar fram ásamt umsögn dags. 15. 01.07.
Nefndin leggur til að ekki verði byggingarreitur fyrir bílskúra á lóðum. Hinsvegar möguleiki á innbyggðum bílskúrum við báðar lóðir.
2. Oliufélagið fh / Guðlaugur Pálsson sækir um að færa olíu- og dísel tanka á hafnarbyggju við Stykkið í Stykkishólmi samkvæmt bréfi og teikningum dags 19.12.2006. Umsögn hafnarnefndar lögð fram.
Erindi samþykkt ásamt umsög hafnarnefndar að uppfylltum skilyrðum.
3. Fyrirspurn frá Sævari Harðarssyni f.h. Skipavík um eftirfarandi breytingartillögur á deiliskipulagi af frístundabyggð við Arnarborg: A) Breytingar á vegakerfi svæðisins B) Breytingar á lóðarmörkum og byggingarreitir færðir til. C) Að heimilt verði að byggja allt að 150 m² innan byggingarreits á hverri lóð í stað 100m² áður.
Nefndin samþykkir breytingu á deiliskipulagi.
4. Deiliskipulagstillaga lögð fram af íbúðabyggð við Móholt/Búðanesveg dags.5.02.'07.
Nefndin leggur til að það verði 2 einbýlishús við Hjallatanga, í stað einbýlishúss og parhúss.
5. Deiliskipulagstillaga lögð fram af atvinnuhúsnæði á hafnarsvæði við Nesveg dags. 2.02.'07.
Nefndin hefur endurskoðað deiliskipulagstillögu með tilliti til athugasemda samkvæmt bókun nefndarinnar frá 9. maí 2006. Lagt er til að deiliskipulagstillaga verði samþykkt dagsett 5.02.2007.

6. Einar Karlsson óskar eftir lóðarafmörkun/lóðarleigusamning fyrir Nesveg nr. 4, samkvæmt bréfi dags. 29.01.'07.
Erindi frestað.
 7. Orkuveita Reykjavíkur / Erla S. Gestsdóttir sækir um að byggja dæluhús við borholu í landi Ögurs ásamt lóðarafmörkun samkvæmt afstöðumynd og bréf dags 12.02.'07. Samþykki eigenda liggur ekki fyrir.
Samþykkt með fyrirvara um samþykki landeigenda
 8. Skipavík óskar eftir byggingarleyfi fyrir Arnarborg nr. 1 samkv. teikningum dags. 23.01.'07. Samtals 94,7 m², 304,6 m³.
Erindi samþykkt. Samtals kr.
 9. Skipavík óskar eftir byggingarleyfi fyrir Arnarborg nr. 5 samkvæmt teikningum frá Glámu Kím dags. 23.01.2007. Samtals 94,7 m², 304,6 m³.
Erindi samþykkt. Samtals kr.
 10. Hamraafl ehf /Símon Sturluson sækir um leyfi til að byggja skemmu að Hamraendum nr. 3 samkvæmt teikningum dags. febrúar 2007. Samtals 575,0 m², 3.428,0 m³.
Erindi samþykkt. Samtals kr.
- Björgvin situr hjá undir lið 10.
11. Una Særún Karlsdóttir og Sigursveinn P. Hjaltalín Neskinn 8 sækja um að endurnýja klæðningu, glugga og breyta glugga í svalahurð samkvæmt bréfi dags. 6.02.07.
Erindi samþykkt. Samtals kr. 3000.-
 12. Breyting á deiliskipulagi miðbæjar. Fyrirspurn frá Skipavík að reitur Aa breytist úr verslunar- og þjónustulóð í lóð í íbúðahúsalóð.
Tekið er neikvætt í erindi.
 13. Fyrirspurn frá Jon Nordsteien f.h. eigenda Vikurgötu 8 (Staðarfells) um að byggja við skúr á lóð fyrir bílskúr/bátaskýli og gestarými.
Nefndin óskar eftir nánari útfærslu. Breyta þarf deiliskipulagi ef byggingarmagn er aukið á lóð.
 14. Fyrirspurn frá Páli Aðalsteinssyni um að byggja einbýlishús við Hjallatanga nr. 2 og færa hús aftar í byggingarreit samkvæmt tillöguteikn. frá teiknistofu H.S.Á. dags. 1.02.'07.
Tekið er jákvætt í fyrirspurn. Hús þarf að staðsetja fyrir innan byggingarreit samkvæmt deiliskipulagi.

15. Fyrirspurn frá Páli Aðalsteinssyni um að byggja einbýlishús við Hjallatanga nr. 4 og að hækka gólfkóta um 30 sm eða frá 11.7, í 12.0 og færa hús aftar í byggingarreit samkvæmt tillöguteikn. Frá teiknistofu H.S.Á. dags. 1.02.'07.
Tekið er jákvætt í fyrirspurn. Hús þarf að standa fyrir innan byggingarreit og hæðarkóta samkvæmt deiliskipulagi.
16. Karolína Harriet Jóhannesdóttir óskar eftir endurskoðun á lóðarstærð Höfðagötu nr. 9.
Erindið erður skoðað við deiliskipulagsgerð.
17. Byggingarfulltrúi leggur fram bréf frá Skipulagsstofnun vegna breytinga á byggingarreglugerð nr. 441/1998 , ásamt afrit af breytingum nr. 1163/2006.
18. Önnur mál.
18.a Nefndin telur að brynt sé að gerðar verði viðeigandi endurbætur á Silfur götu 9 og 9a vegna slysa hættu frá þakklæðningu í slæmum veðrum.

Fleira var ekki rætt. Fundargerð lesin upp og samþykkt.
Fundu slitið kl. 19:45.

Þorbergur Bæringsson (sign)
Berglind Lilja Þorbergsdóttir (sign)
Guðmundur Kristinsson (sign)
Björgvin Ólafsson (sign)
Emil Þór Guðbjörnsson (sign)
Ásgeir Gunnar Jónsson (sign)
Bjarnfríður Vilhjálmisdóttir (sign)

